

REGLUGERÐ

um gestagjöld innan Vatnajökulshjónúðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulshjónúðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi samkvæmt 2. gr. Virðisaukaskattur er einnig innifalinn í gjaldi samkvæmt töluliðum 6.-10. 3. gr.

2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldsvæði á þjónustusvæði A í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu:

1.	Almennt gjald	1.500 kr.
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	900 kr.
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	1.300 kr.

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að tjaldsvæði er gjaldfrjálst.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldsvæði á þjónustusvæði B í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl:

1.	Almennt gjald	1.250 kr.
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	700 kr.
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	1.000 kr.

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að tjaldsvæði er gjaldfrjálst.

Gjald fyrir hverja gisteiningu í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl á þjónustusvæðum A og B er 250 kr. á nótt.

Gjald fyrir gistingu í skála A í eina nótt:

1.	Almennt gjald	4.500 kr.
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	2.300 kr.
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	3.500 kr.

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála A er gjaldfrjálst.

Gjald fyrir gistingu í skála B í eina nótt:

1.	Almennt gjald	3.500 kr.
2.	Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	1.500 kr.
3.	Eldri borgarar (67 ára og eldri) og öryrkjar	2.750 kr.

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála B er gjaldfrjálst.

Gjald fyrir sumarstæði. Svæðisgjald, sbr. 4. gr., er innifalið í gjaldinu í Skaftafelli:

1.	1 mánuður	26.000 kr.
2.	1 mánuður með rafmagni	34.000 kr.
3.	2 mánuðir	52.000 kr.
4.	2 mánuðir með rafmagni	68.000 kr.
5.	3 mánuðir	78.000 kr.
6.	3 mánuðir með rafmagni	102.000 kr.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

1.	Sturtugjald, eitt skipti	300 kr.
2.	Rafmagn á tjaldsvæði, pr. sólarhring 10 amp. tengill	1.000 kr.
3.	Rafmagn á tjaldsvæði, pr. sólarhring 16 amp. tengill	1.350 kr.
4.	Afnot af þvottavél, eitt skipti	500 kr.
5.	Afnot af þurrkara, eitt skipti	500 kr.
6.	Afnot af aðstöðu í skála, einn dagur (án gistingar)	500 kr.
7.	Útseld vinna sérfræðinga	16.000 kr.
8.	Útseld vinna landvarða	12.000 kr.
9.	Útgáfa leyfa, stærri verkefni, samningar á grundvelli reglugerðar um atvinnutengda starfsemi	50.000 kr.
10.	Útgáfa leyfa, önnur verkefni	25.000 kr.

Aðgangur að neti og sturtum er innifalinn í tjaldsvæðisgjaldi á þjónustusvæði A, sbr. 2. gr.

4. gr.

Svæðisgjald í Skaftafelli (sólarhringsgjald frá kl 00.00 - 24.00):

1.	Flokkur A - Fólksbifreið, 5 manna og færri	750 kr.
2.	Flokkur B - Fólksbifreið, 6-9 manna	1.000 kr.
3.	Flokkur D - Rúta, 19-32 manna	1.800 kr.
4.	Flokkur D - Rúta, 19-32 manna	3.500 kr.
5.	Flokkur E - Rúta, 33-64 manna	6.400 kr.
6.	Flokkur F - Rúta 65 manna og fleiri	6.400 kr.
7.	Bífhjól	300 kr.

Svæðisgjald er innifalið í tjaldsvæðisgjaldi, sbr. 2. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulspjóðgarð, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 610/2020 um gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 7. júlí 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Hugi Ólafsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.